

Reykjavík, 29. desember 2011

Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir
Sölvhóls götu 4,
150 Reykjavík.

Efni: Ábyrgð og aðgerðir. Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna

Þrátt fyrir að alvarleiki eineltis hafi verið viðurkenndur er það enn raunverulegt vandamál í íslensku samfélagi. Einelti meðal barna snertir ekki einungis börnin sjálf heldur ekki síður fjölskyldur þeirra og alla þá er starfa með börnum. Einelti kemur öllum við – þess vegna er mikilvægt að sporna við því með öllum tiltækum ráðum.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni fékk í sumar sem leið, í samstarfi við félagsráðgjafardeild og menntavísindasvið Háskóla Íslands, styrk úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar til að rannsaka þennan vanda á heildstæðan hátt, út frá mismunandi sjónarhornum fræðanna, þ.e. frá sjónarhorni lögfræði, félagsráðgjafar og menntavísinda. Lagt var upp með það markmið að niðurstöður rannsóknarinnar gætu gert löggjafanum og stjórnvöldum betur kleift að samræma þekkingu sína og reynslu um einelti. Það gæti aftur leitt til bættrar löggjafar og markvissari þjónustu til að tryggja velferð barna í íslensku samfélagi.

Hinn 7. desember sl. kom út á vegum Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr ritið: *Ábyrgð og aðgerðir*, sem hefur að geyma niðurstöður þessarar þverfræðilegu rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi.

Það er von okkar allra sem að þessari rannsókn höfum staðið að hún leiði til upplýsandi umræðu um það alvarlega málefni sem einelti er og styrki um leið stöðu og farsæld barnanna, enda má aldrei sofna á verðinum.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni hefur ákveðið að færa mennta- og menningarmálaráðherra 175 eintök af ofangreindu riti með þeirri ósk að þau verði send til allra grunnskóla á landinu til fróðleiks og gagns í baráttunni gegn einelti.

Virðingarfyllt,
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

Þórhildur Líndal, forstöðumaður